

Nr. 027 / 13 Grundfirðingur SH 24**Efnastlys**

Skipaskr.nr. 1202
Smíðaður: Garðabæ 1972, Stál
Stærð: 150,8 brl. 255 bt.
Mesta lengd: 35,37 m Mesta lengd: 35,37 m
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,55 m
Vél: Caterpillar 578 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 15



Grundfirðingur©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. janúar 2013 var Grundfirðingur SH 24 við bryggju í Grundarfirði.

Skipverji ásamt viðgerðaraðila voru að losa stíflu í röri á milli þvottavélar og vasks fram í skipinu og notuðu til þess Trausta hrausta stíflueyði. Á meðan efnið var að vinna fóru þeir úr rýminu í 5 til 10 mínútur en þegar þeir komu aftur fundur þeir fyrir óþægindum í vitum. Þá opnuðu þeir mannop og settu blásara í gang.

Senda þurfti skipverjann á sjúkrahús vegna vanlíðunar, særinda í hálsi og öndunarerfíðleika. Í ljós kom að lungnaberkjur höfðu brennst og var hann óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að mennirnir aftengdu þvottavélina frá niðurfallinu áður en stíflueyðinum var hellt í niðurfallsrörið. Eftir að þeir komu inn í rýmið aftur notuðu þeir kalt vatn sem þér létu renna niður í rörið. Þá sagðist slasaði hafa reynt að kraka með 6-8 mm sverum ryðfríum teini niður í rörið. Viðgerðarmaðurinn taldi að í stíflunni gæti jafnvel hafa verið leifar af klórefnum og honum hafi sýnst að myndast hafi eiturgufa þegar vatni var sprautað í rörið og þeir fóru að finna til óþæginda;
- að mennirnir tóku ekki vatnslás sem var á lögninni frá áður en þeir helltu efninu í niðurfallið;
- að virka efnið í stíflueyðinum Trausta hrausta er 96% brennisteinssýra;
- að mennirnir notuðu ekki öndunargrímur;
- að þegar mennirnir komu út úr rýminu fundu þeir strax fyrir miklum eitrunareinkennum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarleg meðferð hættulegs efnis.